

Reykjavíkurborg
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargata 11
101 REYKJAVÍK

Garðabær, 27. júní 2024
Málsnúmer: 202405-0067
SS

Efni: Umsögn um skipulagslýsingu vegna breytingar á deiliskipulagi fyrir Elliðaárdal.

Vísað er í tölvubréf frá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 30. maí 2024. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um skipulagslýsingu vegna breytingar á deiliskipulagi fyrir Elliðaárdal.

Breytingin nær yfir afmarkað svæði í Elliðaárdal, frá Árbæjarstíflu upp yfir Blásteinshólma og neðan frá stíflunni meðfram Rafstöðvarvegi að Elliðaárvirkjun. Breytingin snýr að uppfærslu á gildandi deiliskipulagi þar sem Árbæjarlón er nú ekki lengur til staðar og náttúrulegir árfarvegir Elliðaánnna hafa verið endurheimtir ofan við stíflustæðið.

Stefnt er að því í deiliskipulaginu að leggja áherslu á lífríkið á svæðinu. Til þess þarf að tryggja góðar upplýsingar s.s. um gróðurfar, fuglalíf og lífríki Elliðaánnna, ekki síst í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa. Mikilvægt er því að framkvæma athuganir á vettvangi og bera saman við þau gögn sem til eru um náttúrufarið áður en lónið var tæmt. Þess ber að geta að stór hluti þeirra gagna er kominn nokkuð til ára sinna s.s. skýrslur Náttúrufræðistofnunar frá því um aldamót. Til viðbótar við breytingar vegna tæmingu lónsins hafa orðið ýmsar fleiri breytingar á svæðinu undanfarin ár m.a. á gróðurfari vegna aukinnar grósku almennt, aukinnar útbreiðslu framandi plöntutegunda, meiri nálægðar og áhrifa frá byggð o.fl.

Náttúrufræðistofnun er tilbúin til frekari ráðgjafar um inntak og fyrirkomulag nauðsynlegra rannsókna og leggur til að gott samstarf sé einnig við fagaðila um vatnalíf s.s. Hafrannsóknarstofnun.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

